

Freixenet



Kæra golfkona

Við í kvennanefnd GKG viljum bjóða þig velkomna í GKG og upplýsa þig í leiðinni frá kvennastarfinu í klúbbnum.

Í GKG er öflugt kvennastarf og heldur kvennanefndin utan um alla viðburði með aðstoð frá skrifstofunni sem sendir út fréttir fyrir okkur, og er því nauðsynlegt að senda póst á ulfar@gkg.is til að skrá sig á netfangalista kvennastarfsins hjá honum.

Kvennanefndin heldur úti Facebooksíðu sem heitir “GKG konur” og er linkurinn hér fyrir neðan.

<https://www.facebook.com/groups/155584571238308/>

Dagskrá kvennanefndar er birt á vefsíðu klúbbsins, undir: Um GKG og Kvennastarf, linkur hér: <https://gkg.is/um-gkg/felagsstarf/kvennanefnd/>

Eins og kemur fram á dagskrá kvennanefndar erum við með þriðjudagsspil flesta þriðjudaga yfir sumartímamann frá kl. 16 – 19. Þá eru fráteknir tímar fyrir okkur þar sem eingöngu konur spila saman. Æskilegt er fyrir þær sem eru að stíga fyrstu skrefin að skrá sig með reyndari konum til að fá leiðsögn. Til að skrá sig á þriðjudögum þarf að fara inn í Golfbox og undir *Innanfélagsmót* finnur þú *Kvennagolf* og getur skráð þig í þann tíma sem hentar þér. Skráning hefst á miðvikudegi kl. 12 fyrir næsta þriðjudag. **ATH. MIKILVÆGT ER AÐ AFSKRÁ SIG TÍMALEGA EF ÞIÐ KOMIST EKKI.**

Einnig er kvennanefndin að sjá um nokkur mót yfir sumarið ásamt öðrum viðburðum sem auglýstir eru á facebooksíðunni okkar og viljum við hvetja þig til að vera með og taka þátt í kvennastarfi GKG.



Með von um ánægjulegt samstarf

Fyrir hönd kvennaefndar
Ásta Kristín Valgarðsdóttir, formaður
Netfang kvennanefndar er: gkgkonur@gmail.com